

Mánudaginn 1. apríl 1957.

Nr. 86/1953. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

Karel Bondvelle (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð. Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur gefið álitserð í málinu. Álitserð hefur og gefið Jos. Legrand siglingafræðingur. Loks hafa dómkvaddir menn, þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari, Zophonías Páls-son, skipulagsstjóri ríkisins, og Jóhannes Snorrason yfirflugstjóri, samið álitserð um málið.

I.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf forstjóra Landhelgisgæzlunnar til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 1953, þar sem segir, að togarinn O. 297 hafi hinn 30. janúar s. á. verið að togveiðum á 63° 45'2 n. br. og 17° 18'4 v.lg., en það sé um 3.8 sm innan fiskveiðitakmarkanna á þeim stað. Þá segir og í bréfinu, að nákvæm skýrsla um athugun og staðsetningu togarans liggi fyrir, ef á þurfi að halda. Skýrsla þessi var lögð fram í héraðsdómi. Samkvæmt henni var staður löggæzluvelarinnar yfir togara ákærða kl. 16.10 nefndan dag ákvarðaður með kompásmiðun af Súlnatindi og hornmælingu milli Lómagnúps og Knappa í Örafajökli, sem hvort tveggja eru þríhyrningamælistaðir. Kompásmiðunina framkvæmdi forstjóri Landhelgisgæzlunnar, en mælinguna þaulæfður mælingamaður. Friðrik V. Ólafsson skóla-

stjóri hefur markað þessar mælingar á sjókort, og reyndist staður togarans samkvæmt því um 4.3—4.4 sm innan fiskveiðimarkanna. Hinir dómkvöddu menn hafa einnig markað staðinn á sjókort, og er hann eftir þeirri mörkun um 4.4 sm innan fiskveiðimarkanna. Bæði skólastjórinn og hinir dómkvöddu menn hafa dregið í sjókort hringferil, sem samsvarar horni því, sem mælt var, og liggur hann allur innan fiskveiðimarkanna. Þar sem hringferillinn er næst fiskveiðimörkunum er fjarlægð hans frá þeim 1.5 sm samkvæmt mörkun skólastjórans og 1.8 sm samkvæmt mörkun hinna dómkvöddu manna.

Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að staðarákvörðun löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Þá er og sannað, að hann var þar að veiðum. Með þessum verknaði hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

II.

Friðrik V. Ólafsson skólastjóri og hinir dómkvöddu menn hafa markað á sjókort stað varðsupsins Þórs kl. 12.10 hinn 25. apríl 1953 samkvæmt mælingum yfirmanna varðsupsins og komizt að raun um, að hann var alllangt innan fiskveiðimarkanna vestan Ingólfshöfða. Á nefndum tíma var togari ákærða staddur landmegin við beina línu frá varðskipinu í Ingólfshöfða og því einnig innan fiskveiðimarkanna.

Í álitserð hinna dómkvöddu manna segir enn, að þrátt fyrir það þótt mælingar varðskipsmanna kl. 12.18 téðan dag sýni eigi nákvæmlega stöðu varðsupsins á þeim tíma, liggi hringferlar þeirra horna, sem þá voru mæld, allir innan fiskveiðimarkanna og sýni, að varðskipið hefur verið þá innan nefndra marka og togarinn einnig innan sömu marka, þar sem hann bar í Ingólfshöfða frá varðskipinu.

Ákærði hefur kannast við, að hann hafi verið innan fiskveiðimarkanna á þeim tíma, er undir II segir, en neitar, að hann hafi verið þar að veiðum, heldur hafi hann farið þangað til að gera við botnvörpu og gera að fiski. Eigi er

sannað, að hann hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna á nefndum tíma, og ber því einungis að dæma honum refsingu samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920.

III.

Með skirskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra vegna brots ákærða 30. janúar 1953 og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Það athugast, að réttara hefði verið af löggæzlumönnum að endurtaka staðarákvarðanirnar 30. janúar 1953 og skiptast á að framkvæma þær.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Karel Bondvelle, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 30. apríl 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Karel Bondvelle, skipstjóra á belgiska botnvörpuskipinu Rubens, O. 297, frá Ostende, með ákæruskjali, úttefni af Dómsmálaráðuneytinu 28. apríl s.l. fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara 30. janúar 1953 út af Vestari Melós, um 3,8 sm innan markalínunnar, samkvæmt 1. gr.

reglugerðar nr. 21/1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, svo og fyrir brot á framangreindum lagagreinum, en til vara brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum eða með ólöglegan umbúnað veiðarfæra innan landhelgislínu 25. þ. m., kl. 11.00 til 12.00, undan Skeiðarárósum. Er þess krafizt, að nefndur ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Karel Bondvelle, skipstjóri á b/v Rubens, O. 297, er kominn á sakhæfisaldur, fæddur 17. maí 1914, og hefur ekki, svo vitað sé, sætt neinni kæru eða refsingu áður hér á landi.

Atvik málsins eru sem hér segir:

1.

Föstudaginn 30. janúar 1953 tilkynnti stöðvarstjórinn í Höfn í Hornafirði Landhelgisgæzlunni, að Gunnar Fredriksen, flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands, hefði kl. 11.28 sama dag séð tvo belgiska togara, O. 298 og O. 297, að veiðum í landhelgi út af Skaftafellsfjörum. Togarann O. 298 kvað hann hafa verið $1\frac{3}{4}$ sjómílu suður af Hvalsíki, en togarann O. 297 eina sjómílu NA af honum, eða $1\frac{1}{4}$ sjómílu frá ströndinni. Með eiðfestum framburði sínum hefur Gunnar Fredriksen staðfest, að hafa séð ofangreind skip að veiðum á þeim stöðum og tíma er greint var. Flaug vitnið flugvél sinni mjög lágt, og kveðst það hafa séð greinilega einkennisstafi beggja þessara skipa og einnig, að fiskur hafi verið á þilfari, en botnvörpurnar í sjó. Vegalengd O. 298 frá landi segir vitnið hafa verið $1\frac{3}{4}$ sjómílu í hásuður frá Hvalsíki, en vitnið kveðst hafa mælt þessa vegalengd með því að fljúga í hásuður frá landi til skipsins. Tók vitnið tímann, þegar það flaug fyrir fjöruþorð, og einnig, þegar það flaug yfir skipið, þá mældi vitnið einnig flughraðann. Botnvörpuskipið, er bar einkennisstafina O. 297, var þá um það bil $1\frac{1}{4}$ sm suðvestur af Nýja-Ósi, og kveðst vitnið hafa mælt stað skipsins á sama hátt og þess fyrra.

Aðstoðarflugmaðurinn í ferð þessari segir vitnið, að hafi verið Björn Guðmundsson, og hafi hann aðstoðað vitnið við athuganir þess, en Björn hefur ekki verið kvaddur fyrir dóm til þess að bera um framangreint.

Af því tilefni, er nú var lýst, var af forstöðumanni Landhelgisgæzlunnar þegar ákveðið að senda menn í flugvél til þess að athuga nefnda togara nánar og gera á þeim staðarákvarðanir, ef hægt væri.

Klukkan 14.10 þenna sama dag var haldið af stað frá Reykja-

víkurflugvelli með flugvélinni „Glófaxes“ TF-ISA, og var vitnið Sigurður Ólafsson flugstjóri, en auk hans og áhafnar hans voru eftirtaldir menn frá Landhelgisgæzlunni og sjómælingunum með í flugvélinni:

Vitnið Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, vitnið Gunnar Bergsteinsson sjómælingamaður, vitnið Guðmundur Kjærnested, starfsmaður Landhelgisgæzlunnar, vitnið Ríkharð Páll Ragnarsson sjómælingamaður, vitnið Árni Eyþórs Valdimarsson stýrimaður og vitnið Hörður Þórhallsson stýrimaður, en öll hafa vitni þessi staðfest framburði sína með eiði.

Í skýrslu af flugi þessu, undirritaðri af þeim vitnunum Pétri Sigurðssyni, Ríkharði Páli og Gunnari Bergsteinssyni segir m. a.: „Út af Skaftafellsfjöru voru tveir belgískir togarar, O. 297 og O. 298, að veiðum grunsamlega nærri landi. Voru þeir athugaðir sérstaklega og eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar við þá: Staðarákvörðun við togarann O. 297 kl. 16.10: Súlnatindur (765 m.) misvísandi 17.5°, réttvísandi 355.5°, Lómagnúpur $\triangle$ — Knappar $\triangle$ 75° 30'. Ath. staður: 63° 45'2 n. br., 17° 18'4 v. lg., sem er 3.8 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum“, og enn segir í sömu skýrslunni: „Togararnir voru báðir allstórir, gráir á lit, á austlægri stefnu og með vörpuna úti, O. 297 á hægri ferð, en O. 298 að byrja að hífa upp.

Veður: Allhvass norðan, léttskýjað, skyggni ágætt.

Mælingar gerði Páll Ragnarsson, og aðstoðaði Pétur Sigurðsson hann við þær. Hinir athuguðu sérstaklega skipin og tóku númer þeirra. Flogið var þrisvar sinnum yfir hvorn togara og yfirleitt í um 500 feta hæð. Ekkert samband var haft við skipin“.

Vitnið Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, hefur með eiðfestum framburði staðfest ofanritaða skýrslu.

Vitnið Ríkharð Páll Ragnarsson kveðst hafa unnið að mælingum þeim, er gerðar voru í ferð þeirri, er hér um ræðir, en kveðst ekki hafa séð einkennisstafi skipanna, en vitnið staðfesti annars skýrsluna að öllu leyti.

Vitnið Gunnar Bergsteinsson kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en aðgætti togarana sérstaklega og klukkuna í ferðinni og tímamörk, og hefur það staðfest skýrsluna sem rétta, að því er það geti um borið.

Vitnið Sigurður Ólafsson flugstjóri kveðst hafa hagað gæzlu-fluginu eftir fyrirmælum forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og kveðst það hafa séð númer skipanna, O. 297 og O. 298, á bógum þeirra, en nöfn hins vegar ekki. Vitnið kveðst ekki hafa gert mælingar

á skipinu, en að öðru leyti hefur það staðfest skýrsluna með eiðfestum framburði.

Vitnið Guðmundur Kjærnested, sem var þátttakandi í gæzlufluginu, kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en var við einn glugga vélarinnar til þess að hafa gætur á skipum, er sæjust. Vestur við Ingólfshöfða segir vitnið, að hafi verið flogið lágt í björtu veðri yfir 2 togurum, sem vitnið sá greinilega, að voru á botnvörpuveiðum, og einnig sá vitnið greinilega einkennisstafi þeirra, en í réttarhaldinu 26. apríl kveðst vitnið þá ekki muna, hverjir stafirnir væru, en það kveðst hafa skrifað stafina hjá sér til minnis strax á staðnum og gaf þá upp forstjóra Landhelgisgæzlunnar strax að fluginu loknu. Vitnið segir, að 2 eða 3 aðrir hafi aðgætt einkennisstafi skipa þessara, og hafi vitninu og þeim öllum borið saman um, hverjir stafirnir voru, en vitnið kveðst hafa athugað einkennisstafi skipanna í hvert sinn og flogið var yfir hvort skip.

Vitnið Árni Eypórs Valdimarsson kveðst engar mælingar hafa gert í margnefndu gæzluflugi, en hafi það átt að gæta þess, hvaða skip sæjust úr flugvélinni og hvað þau væru að gera. Skammt vestan við Ingólfshöfða segir vitnið, að flogið hafi verið í björtu veðri og góðu skyggni yfir tveimur togurum, er greinilega hafi verið að veiðum. Hafi verið flogið mjög nálægt togurunum og sveimað yfir þeim. Vitnið kveðst hafa séð einkennisstafi skipanna greinilega og muna, að þeir byrjuðu á O., en af því kveðst vitnið hafa ráðið það, að þau væru belgisk frá Ostende. Á eftir stafnum O segir vitnið, að hafi komið 3 tölustafir, sem vitnið kveðst þá í réttarhaldi 26. apríl ekki muna, hverjir voru, en fleiri hafi verið í flugvélinni, er aðgættu stafina, og hafi vitninu borið saman við þá menn um, hverjir stafirnir væru.

Vitnið Hörður Þórhallsson kveðst hafa haft því hlutverki að gegna í margnefndri ferð, að gæta að, hvaða skip sæjust og hvað þau væru að gera, en hins vegar hafi það ekki gert neinar mælingar í ferðinni. Kveðst vitnið hafa séð tvo togara, sem greinilega voru að veiðum, er flogið var lágt yfir þá í björtu veðri og góðu skyggni. Vitnið kveðst hafa séð einkennisstafi beggja þessara skipa, og man vitnið í réttarhaldi 26. apríl, að annað skipanna bar einkennisstafina O. 298 og að einkennisstafir hins byrjuðu einnig á O, en töluna man vitnið þá ekki. Vitnið kveðst hafa skrifað einkennisstafina hjá sér strax á staðnum, og hafi það borið saman við það, er aðrir höfðu séð, og hafi allir verið sammála um, hverjir stafirnir væru.

Ákærði í máli þessu, Karel Bondvelle, hefur viðurkennt að hafa

verið skipstjóri á b/v Rubens, O. 297, hinn 30. janúar s.l. og hafa þá verið að veiðum hér við land, og er það og staðreynt af skjölum skipsins, sem hér hafa verið í réttinum. Í réttarhaldi hinn 27. apríl s.l. segir ákærði, að hugsanlegt sé, að hann hafi þenna dag verið á þeim stað, er skýrslan um gæzluflugið greinir, en hvort hann hafi þá verið að fiska eða „steama“ kveðst hann ekki vita, en tekur fram, að samkvæmt logbók sinni hafi hann „steamað“ tvo tíma þenna dag, og jafnframt tekur hann þá og fram, að hann haldi, að hann hafi ekki verið að veiðum á þessum slóðum. Aðspurður í sama réttarhaldi, hvort hann væfengi mælingar starfsmanna strandgæzlunnar, kvaðst ákærði ekki vita, hvort hægt væri að gera svo nákvæmar mælingar úr flugvélum.

Í réttarhaldi 28. apríl viðurkennir ákærði að hafa verið að veiðum í nágrenni við þann stað, er greindur er í framannefndri skýrslu forstjóra Landhelgisgæzlunnar, en ekki eins nálægt landi og skýrslan greinir, og lýsti ákærði því þá jafnframt yfir, að hann hafi aldrei fiskað í landhelgi. Ákærði kvaðst ekki geta svarað því, hvort veiðarfæri þau, er hann nú er með á skipi sínu, séu hin sömu og hann hafði meðferðis 30. janúar s.l., en segir þó, að netin séu ábyggilega ekki þau sömu og hann var með þá.

Hinn skipaði verjandi ákærða, Theódór Georgsson cand. juris., hefur gert þær kröfur, að ákærði verði algerlega sýknaður af kröfum ákæruvaldsins um refsingu fyrir landhelgisbrot 30. janúar s.l. og upptöku afla og veiðarfæra. Telur hinn skipaði verjandi allsendis ósannað, að ákærði hafi framið ofangreint brot 30. janúar s.l., þrátt fyrir skýrslu um gæzluflug starfsmanna Landhelgisgæzlunnar hinn 30. janúar s.l. og hina eiðfestu vitnaframburði þeirra, er tóku þátt í nefndu gæzluflugi.

Gegn mótmælum ákærða um að hafa veitt í landhelgi lítur dómurinn svo á, að þrátt fyrir eiðfestan framburð Gunnars Fredriksens flugstjóra verði ekki talið nægilega sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, b/v Rubens, O. 297, hinn 30. janúar s.l., klukkan um 11.28, í landhelgi Íslands, um 1¼ sjómílu suðvestur af Nýja-Ósi, til þess að ákærða verði gerð refsing fyrir það.

Hvað snertir skýrslu þá, er gerð var um framannefnt gæzluflug, telur hinn skipaði verjandi, að meta verði hana með hliðsjón af því, að hún sé ódagsett, og geti því verið allt að þremur mánuðum eftir athugun. Yfirskrift nefndrar skýrslu er þannig:

„Skýrsla

um gæzluflug með suðurströnd Íslands

30. janúar 1953“,

og þykir það þegar benda til þess, að skýrslan sé gerð þegar eftir gæzluflugið, en auk þess tekur dómurinn fram, að það sé alkunna, að fréttir hafi komið frá stjórn Landhelgisgæzlunnar um gæzluflug þetta bæði í blöðum og útvarpi þegar eftir flugið og þyki það einnig styðja það, að skýrslan hafi þá þegar verið gerð.

Að lokum er skýrslan staðfest af þremur vitnum með eiðfestum framburði þeirra, og ber að meta sönnunargildi hennar með hliðsjón af því.

Þá hefur hinn skipaði verjandi mótmælt því, að staðarákvörðun sú, er gerð var í flugvélinni á skipi ákærða, geti verið grundvöllur til dómfellingar. Telur hinn skipaði verjandi, að aðeins einn maður, Ríkharð Páll Ragnarsson, hafi framkvæmt mælingar, og styður þá staðhæfingu sína með því, að í vitnisburði eins vitnissins, Guðmundar Kjærnesteds, segi orðrétt: „og var forstjóri Landhelgisgæzlunnar hjá honum“, þ. e. Ríkharði Páli, en í skýrslunni af gæzlufluginu segi, að Páll Ragnarsson hafi gert mælingarnar, en forstöðumaður Landhelgisgæzlunnar hafi aðstoðað hann, en hvergi kom fram, í hverju þessi aðstoð sé fólgin, en að þessu athuguðu telur verjandinn, að beri að álíta, að þáttur forstjóra Landhelgisgæzlunnar hafi verið næsta lítill.

Þegar staðarákvörðun er gerð við b/v Rubens, O. 297, í umrætt skipti, segir í margnefndri skýrslu, að flogið hafi verið þrisvar sinnum yfir hvort skip, Páll Ragnarsson hafi gert mælingar, en Pétur Sigurðsson aðstoðað hann við þær. Ekkert hefur komið fram, er gefi neina bendingu í þá átt, að aðstoð forstöðumanns Landhelgisgæzlunnar hafi ekki verið virk, og verður dómurinn því að telja, að hinn síðarnefndi, sem stjórnaði leiðangri þessum, hafi veitt virka aðstoð við mælingarnar og hafi haft hönd í bagga með þeim og getað sannreynt, að þær væru réttar, og þar sem þær þannig séu sannreyndar og staðfestar með eiðfestum framburði beggja vitnanna, sem báðir eru sérkunnáttumenn um slíkar mælingar, beri að leggja þær til grundvallar í máli þessu.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, verður þrátt fyrir mótmæli ákærða að telja sannað, að hann hafi föstudaginn 30. janúar 1953, kl. 16.10, verið að botnvörpuveiðum í landhelgi Íslands út af Vestri Melós á stað 63° 45'2 n. br., 17° 18'4 v. lg., sem er 3.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög 44/1948 og lög nr. 81/1952, og með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að refsa honum fyrir það.

2.

Laugardaginn 25. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð austur með landi undan Skeiðarársandi. Kl. 11.47 sást togari bera innan við Ingólfshöfða, og virtist hann vera mjög nærri landi. Var þá ferð varðskipsins aukin og haldið í áttina til hans. Kl. 12.00 kveða varðskipsmenn sig hafa séð, að togaranum var snúið, og kl. 12.10 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð um borð í varðskipinu:

Vesturkantur Lómagnúps	> 69° 32'
Hvannadalshnjúkur	> 33° 23'
Ingólfshöfðaviti	

Vegmælir sýndi 66.7. Dýpi 115 m.

Sást þá togarinn bera innan við línu, dregna beint til Ingólfshöfða, og sneri hann þá ca SA og setur á mikla ferð, og dró varðskipið þá upp stöðvunarmerki.

Kl. 12.18 var gerð staðarákvörðun að nýju, og var hún þessi:

V.K. Lómagnúps	> 43° 30'
Þumall	> 47° 15'
Salthöfði	

Dýpið var 122 m.

Var togarinn þá í línu beint til Ingólfshöfða.

Kl. 12.20 kveðast varðskipsmenn hafa séð hlera á síðu togarans. Var síðan skotið púðurskotum kl. 12.20, 12.25, 12.30 og 12.31, en þá var gerð eftirfarandi staðarathugun:

V.K. Lómagnúps	> 44° 12'
Þumall	> 46° 36'
Salthöfði	> 48° 50'
Togari	

Fjarlægð frá togaranum var þá 2.4 sjómílur. Klukkan 12.38 og 12.43 var skotið kúluskotum, og kl. 13.16 var skotið púðurskoti á togarann, sem þá var í ca 50 metra fjarlægð við hlið togarans, og var samtímis kallað í gjallarhorn til togarans að stöðva, en enn skeytti hann því eigi. Kl. 13.20 var enn skotið púðurskoti á brú togarans, og fór hann þá að sigla í króka og stöðvaði kl. 13.27. Var þá settur út bátur og skipstjóri togarans sóttur.

Eftirfarandi staðarákvörðun var gerð við hlið togarans kl. 13.30.

V.K. Lómagnúps	> 44° 15'
Ingólfshöfðaviti	> 31° 07'
Fellsfjall	

Skipstjóri togarans taldi sig ekki hafa verið að veiðum, en kannaðist hins vegar við að hafa unnið að veiðarfærum og fiskaðgerð, og kvaðst hann hafa leitað vars undir landi vegna veðurs.

Botnvarpa var laus á þílfari og lásað í hlera togarans. Nokkur fiskur var á þílfari togarans.

Veðrið var NA 1, sjór 1.

Var síðan farið með togarann til Vestmannaeyja og verðir settir um borð í hann. Togarinn reyndist vera belgískur togari, Rubens, O. 297, frá Ostende, og skipstjóri á honum ákærði í máli þessu.

Ákærði hefur hér fyrir dómnum harðlega neitað því að hafa verið að botnvörpuveiðum þarna, er varðskipið kom að honum. Kvaðst hann hafa togað utan landhelgi út af Ingólfshöfða og hafi hann dregið upp vörpu sína kl. 08.30 samkvæmt sinni klukku, sem er einum klukkutíma á undan íslenskum sumartíma. Skýrir hann svo frá, að varpan hafi rifnað í síðasta togi og að veður hafi verið vont, vindur hafi verið ANA, 7—9 vindstig og skyggni slæmt. Hafi hann þá siglt upp undir landið til þess að gera við botnvörpuuna og til þess að gera að fiskinum, og telur hann sig hafa verið 2½—3 mílur frá landi í ca 9—10 mílna fjarlægð frá Ingólfshöfða í VNV-læga átt, hafi sér verið ljóst, að hann hafi þá verið kominn inn í landhelgi, en telur sig ekki hafa vitað, að óheimilt væri að gera við veiðarfæri og gera að afla í landhelgi. Ákærði hefur enn fremur kannazt við, að lásað hafi verið í hlerana og þeir hafi hangið í gálgunum, en tekur fram, að þeir hafi verið innan borðs, en ekki utan. Heldur ákærði því fram, að hann hafi ekki séð varðskipið, fyrr en það var komið fast að skipi hans, og ekki heyrt neitt skot frá því, fyrr en það var í ca tveggja skipslengda fjarlægð.

Leiddir hafa verið sem vitni í málinu 1. stýrimaður af v/s Þór, og hefur hann ásamt skipherra staðfest skýrslu skipherra hér fyrir dómi. Enn fremur hafa verið leiddir sem vitni stýrimaður, loftskýrtamaður, fyrsti og annar vélstjóri og einn háseti af togaranum. Allir hafa þeir borið um það, að þeir hafi ekki heyrt skotin til varðsupsins og ekki séð til varðsupsins, nema stýrimaður, er kveðst hafa séð það, er hann kom upp úr lestinni og í tveggja mílna fjarlægð, og strax séð, að það var varðskip, og hafi séð, að það hafði flaggmerki uppi. Kveður stýrimaður, að háseti hafi kallað til sín niður í lest og sagt sér að koma upp til þess að horfa á skip, sem væri að elta þá. Háseti þessi, sem leiddur hefur verið sem vitni í málinu, hefur algjörlega neitað því að hafa kallað stýrimanninn upp til þess að skoða skipið, heldur eingöngu til að líta eftir vinnu á þílfari.

Þrátt fyrir að ýmsu leyti ósamhljóða og ósennilega framburði skipverja b/v Rubens, O. 297, þykja þó ekki hafa komið nægileg

gögn fram í málinu til þess að telja sannað, að b/v Rubens, O. 297, hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á þeim tíma, er hér um ræðir, og ber því að sýkna ákærða af ákæru þar fyrir.

Hins vegar þykir með eigin játningu ákærða og öðru því, er fram hefur komið í málinu, þar á meðal skýrslu skipherra á v/s Þór, sem staðfest er af 1. stýrimanni hans, fullsannað, að ákærði, Karel Bondvelle, hafi laugardaginn 25. apríl s.l., milli kl. 11 og 12 fyrir hádegi, verið með ólöglegan umbúnað veiðarfæra innan landhelgislínu undan Skeiðarárósum á skipi sínu, b/v Rubens, O. 297, frá Ostende, og þykir hann með því hafa brotið 2. gr. laga nr. 5/1920, og ber að gera ákærða refsingu fyrir það.

Refsing hins ákærða þykir með tilliti til þess, er að framan var sagt, og með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, en b/v Rubens, O. 297, skip hins ákærða, er samkvæmt mælibréfi þess, er sýnt var í dómnum, 523 brúttórúmllestir, hæfilega ákveðin með hliðsjón af 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 kr. 100.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hvað viðvíkur upptöku afla og veiðarfæra, skal tekið fram, að að sjálfsögðu er afli sá, er var í skipinu hinn 30. janúar s.l., ekki lengur í því, og ósannað er, að nokkuð af þeim veiðarfærum, er þá voru í skipinu, sé þar enn, og með því að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir fiskveiðabrot, verður krafa ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra ekki tekin til greina.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar cand. juris, kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karel Bondvelle, greiði kr. 100.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 9 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Theodórs Georgssonar cand. juris, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.